

STJÓRNARTÍÐINDI B 26 – 1993

6. apríl 1993

301

Nr. 156

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum NA af Grímsey

1. gr.

Frá og með 8. apríl 1993 eru allar rækjuveiðar bannaðar á svæði NA af Grímsey, sem markast af línu dreginni milli eftirgreindra punkta:

1. 66°45'N – 17°55'V
2. 66°52'N – 17°55'V
3. 66°52'N – 18°02'V
4. 67°00'N – 18°02'V
5. 67°02'N – 17°55'V
6. 67°04'N – 17°40'V
7. 66°40'N – 17°40'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. apríl 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.